



# Fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um bifreiðakostnað ríkisins og opinberra stofnana, ódagsett.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Utanríkisráðherra – Utanríkismál – Fyrirspurn – Ríkisstjórn –  
Bifreiðar – Bifreiðaskostnaður - Stofnanir

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-14, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Eiðarmál til atli.*

Fyrirspurn

til ríkisstjórnarinnar um bifreiðakostnað ríkisins og opinberra stofnana.

1. Hvað hefur ríkisstjórn og ráðuneytin margar bifreiðar í þjónustu sinni og hversu marga bifreiðarstjóra?

Svari: Ríkisstjórnin hefur í þjónustu sinni 6 bifreiðar og 5 bifreiðastjóra. Auk þess á landbúnaðaráðuneytið jeppabifreið, sem einn starfsmaður þess hefur til afnota.

2. Hver var kostnaður við bifreiðar þessar á árinu 1952?

Svari: Reksturskostnaður bifreiðanna varð kr. 254.964,37 auk launa bifreiðarstjóranna, sem námu 209.053,20 að meðtöldum greiðslu fyrir nstur og helgidagavinnu.

3. Hversu margar eru þær bifreiðar aðrar, sem ríkissjóður greiðir kostnað við að nokkru eða öllu leyti, og hversu miklu nam sá kostnaður 1952?

Svari: Ríkissjóður greiðir ekki kostnað við aðrar bifreiðar en þær, sem opinberar stofnanir eða opinber fyrirtæki eiga eða hafa afnot af, en um þær er rætt í næstu spurningu.

4. Hversu margar eru þær bifreiðar, sem opinberar stofnanir eða opinber fyrirtæki greiða kostnað við að nokkru eða öllu leyti og hversu miklu nam sá kostnaður 1952?

Svari: Opinberar stofnanir og opinber fyrirtæki áttu/s.l. ári samtals 253 bifreiðar, og varð <sup>á</sup> allur kostnaður við þær á árinu kr. 7.368.926,11. Auk þess var 85 starfsmönnum greitt samtals kr. 723.871,54 fyrir afnot af einkabifreiðum þeirra. Tekjur stofnananna af þessum bifreiðum urðu samtals ca. kr. 3.300.000.-

5. Eftir hvaða reglum fer það, hvort rekstur bifreiðar er að nokkru eða öllu leyti kostaður af ríkissjóði, opinberum stofnunum eða opinberum fyrirtækjum.

Svari Því aðeins er rekstur bifreiðar kostaður af öllu leyti af opinberri stofnun, að bifreiðin sé hennar eign. Þegar hagkvæmt þykir að dæmi forstjóðsmanns og ráðuneyta, má semja við starfsmann um afnot af einkabifreið hans, og gilda þar um reglur nr. 134/1953.